

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 107/97
frá 2. febrúar 1998**

um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/97 frá 12. nóvember 1997⁽¹⁾.

Reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 417/85⁽²⁾ og 418/85⁽³⁾ frá 19. desember 1984 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um rannsóknir og þróun eru þegar hluti af samningnum.

Gildistíma reglugerða (EBE) nr. 417/85 og 418/85 lýkur 31. desember 1997 og því hefur framkvæmdastjórnin ákveðið að breyta reglugerðunum með því að framlengja gildistíma þeirra til 31. desember 2000.

Til þess að viðhalda réttaröryggi fyrirtækja og einsleitu Evrópsku efnahagssvæði skal fella reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2236/97 frá 10. nóvember 1997 um breytingu á reglugerðum (EBE) nr. 417/85 og (EBE) nr. 418/85 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um sérhæfingu annars vegar og um rannsóknir og þróun hins vegar⁽⁴⁾ inn í samninginn.

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 53, 22. 2. 1985, bls. 1.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 53, 22. 2. 1985, bls. 5.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 306, 11. 11. 1997, bls. 12.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

6. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 417/85) í XIV. viðauka við samninginn skal breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:
„- **397 R 2236:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2236/97 frá 10. nóvember 1997 (Stjtið. EB nr. L 306, 11. 11. 1997, bls. 12).“.
2. Aðlögunarliður i) falli niður.

2. gr.

7. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 418/85) í XIV. viðauka við samninginn skal breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:
„- **397 R 2236:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2236/97 frá 10. nóvember 1997 (Stjtið. EB nr. L 306, 11. 11. 1997, bls. 12).“.
2. Aðlögunarliður j) falli niður.

3. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2236/97 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. febrúar 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 2. febrúar 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner